

22. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Flóaskóla 9. ágúst 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson sem ritaði fundargerð
Guðmundur Jón Sigurðsson
Kristín Sigurðardóttir
Elín Höskuldsdóttir

Einnig mættur Gestur Már Þráinsson fyrir hönd Smíðanda.

Í upphafi fundar var farið um bygginguna og skoðað hvernig verkið gengur.


Unnið er að lokafrágangi inni. Loft verða kláruð í þessari viku. Gólf í anddyri verður flísalagt í næstu viku. Samþykkt að fresta uppsetningu á veggstubbum við inngang og í tónlistastofu. Verið að setja upp og tengja hitatúpu og hitakúta. Eftir er að setja upp hreinlætistæki. Raflanir eru langt komnar. Einhver vinna er eftir við brunavarnarkerfi. Nauðsynlegt er að athuga með hvort uppsetning á tölvukerfum krefst einhvers meira að hálfu rafvirkjanna.

Búðið er að malbika allt planið við skólann og unnið er að lokafrágangi utan við útidyr.

Lögð er áhersla á að taka eftirtaldar skólastofur í gagnið strax í skólabyrjun:
Bókasafn, tölvustofu, sérkennslu og 2 bóknámsstofur á efri hæð. Textilmennt, smíðastofu, heimilisfræðistofu, myndmenntastofu og tónmenntastofu á neðri hæð. Einnig báðum tæknirýmum, salernum og ræstikompum. Bráðabirgða gólfefni þarf að setja á báða ganga við stigann og inn gangana hægra megin. Einnig á rýmið innst á ganginum upp.

Parket á smíðastofu: Samþykkt að skoða betur með tillit til kostnaðar. Gólfið verður einungis rykbundið í upphafi.

Næsti fundur fimmtundagsmorgun. 12. ágúst. n.k. Kl 9:00. í Flóaskóla.


Aðalsteinn Sveinsson
Guðmundur Jón Sigurðsson
Kristín Sigurðardóttir
Elín Höskuldsdóttir